

Heima um jólin

HENRY B. EYRING FORSETI

fyrsti ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu


Lag eitt heyrði ég fyrst þegar ég var lítill drengur – lag um jól og heimili. Þetta var á stríðstímum þegar margir voru að heiman frá heimilum sínum og fjölskyldu – myrkur tími fyrir þá sem óttuðust að sjá ekki aftur ástvinu sína í þessu lífi. Ég minnst þess hvernig mér leið varðandi heimili og fjölskyldu þegar ég gekk framhjá húsi einu á leið minni í skólann í kringum jólin, og sá þar lítið flagg með gylltri stjörnu hanga í glugganum. Þetta var heimili stúlku einnar sem ég þekkti úr skólanum. Bróðir hennar, sem var ekki mikið eldri en ég, hafði látist í stríðinu. Ég þekkti foreldrana og upplifði að hluta til það sem þau voru að ganga í gegnum. Á leið minni heim eftir skólann, fann ég fyrir þakklátri tilhlökkun fyrir þeirri ánægjulegu móttöku sem ég vissi að biði mín.

Þegar ég kveikti á útvarpinu í stofunni okkar um jólahátíðina heyrði ég orð og tónlist sem bergmála enn í huga mínum. Nokkrar ljóðlínur í þessu lagi snertu hjarta mitt með mikilli þrá eftir að vera með fjölskyldunni. Ég bjó

með foreldrum mínum og bræðrum á hamingjusömu heimili, þannig að á einhvern hátt vissi ég að þessi þrá sem ég fann var meiri en bara sú að vera í húsi eða í þeirri fjölskyldu sem ég naut á þeim tíma. Þráin snérist um einhvern framtíðarstað og líf, jafnvel betra en ég þekkti eða gat ímyndað mér.

Ljóðlínan sem ég man best eftir úr laginu er „Ég kem heim um jólin / að minnsta kosti í draumum mínum“¹ Húsið þar sem ég skreytti jólatréin með móður minni og föður á þessum hamingjusömu dögum barnæsku minnar stendur að mestu leyti óbreytt í dag. Fyrir fáeinum árum síðan snéri ég til baka og barði að dyrum. Ókunnugt fólk svaraði. Þau leyfðu mér að fara í herbergin þar sem útvarpið hafði verið og þar sem fjölskyldan mín hafði safnast saman við jólatréið.

Ég gerði mér þá ljóst að þrá hjarta míns snérist ekki um að vera í einhverju húsi. Þrá mín var að vera með fjölskyldu minni og vera sveipaður í ást og ljósi Krists, jafnvel enn meira en litla fjölskyldan okkar hafði upplifað á heimili æsku minnar.



Löngun eftir eilífðum kærleika

Í hjarta okkar langar okkur öllum, í kringum jólin sem og ætíð, að bindast í kærleika með sætri fullvissu að þau bönd geta varað að eilífu. Þetta er loforðið um eilíft líf sem Guð hefur kallað mestu gjöf sína til barna sinna (sjá K&S 14:7). Sú gjöf verður að veruleika með gjöfum hans elskaða sonar til okkar: fæðingu frelsarans, friðþægingunni og upprisunni. Það er með lífi frelsarans og þjónustu sem við fáum þá fullvissu að við getum verið saman í kærleika og lifað saman að eilífu sem fjölskyldur.

Sú tilfinning að hafa löngun fyrir heimili er meðfædd. Þessi dásamlegi draumur getur ekki orðið að veruleika án mikillar trúar – nægilegrar til að heilagur andi geti leitt okkur til iðrunar, skírnar og að gera og halda helga sáttmála við Guð. Slík trú krefst þess að við stöndumst reynslu þessa dauðlega lífs á hugdjarfan hátt. Þá mun himneskur faðir og ástkær sonur hans bjóða okkur velkomin inn á heimili drauma okkar í næsta lífi.

Jafnvel í þessu lífi getum við hlotið þá fullvissu að sá dagur muni koma og upplifað hluta af þeirri gleði sem við munum upplifa þegar við komum að lokum heim. Hátíðarhöld fæðingar frelsarans á jölunum veitir okkur sérstakt tækifæri til að upplifa þá gleði í þessu lífi.

Að finna hina lofuðu gleði

Dauðinn hefur tekið ástvini frá ófáum okkar. Vera má að við séum umkringd einstaklingum sem vilja eyðileggja trú okkar á fagnaðarerindinu og loforði Drottins um eilíft líf. Veikindi og fátækt hrjá sum okkar. Aðrir stríða við deilur í fjölskyldunni eða eiga kannski alls enga fjölskyldu. Samt getum við boðið ljósi Krists að skína á okkur og getum séð og upplifað hluta af þeirri gleði sem okkur er lofað að framundan sé.

Til að mynda, er við söfnumst saman á þessu himneska heimili munu við vera umkringd þeim sem hafa hlotið fyrirgefningu allra synda og hafa fyrirgefið hver öðrum. Við getum upplifað hluta af þeirri gleði núna, sérstaklega er við minnumst og höldum upp á þær gjafir sem frelsarinn gaf okkur. Hann kom í heiminn til að verða lamb Guðs, til að gjalda fyrir allar syndir barna föður síns í dauðlegu lífi, svo allir gætu hlotið fyrirgefningu. Á jólahátíðinni höfum við enn meiri þrá til að muna eftir og íhuga orð frelsarans. Hann varaði okkur við, að við gætum ekki hlotið fyrirgefningu nema við

fyrirgefum öðrum (sjá Matt 6:14–15). Slíkt er oft erfitt að gera svo þið munið þurfa að biðja um hjálp. Þessi aðstoð við að fyrirgefa mun oftast koma þegar ykkur er leyft að sjá að þið hafi sært eins mikið eða meira en þau særindi sem þið hafið hlotið.

Þegar þið farið eftir því bænarsvari sem þið hljótið vegna beiðni ykkar um hjálp þá munið þið finna byrði lyft af öxlum ykkar. Að bera óvild í garð einhvers er þung byrði. Er þið fyrirgefið munið þið upplifa þá gleði sem fæst þegar ykkur er fyrirgefið. Þið getið gefið og meðtekið gjöf fyrirgefningar á þessari jólahátíð. Sú hamingju tilfinning sem mun koma er andblær af því sem við getum upplifað saman heima á eilífa heimilinu sem við þráum.

Að upplifa gleði þess að gefa

Það er annar andblær af þessu gleðilega framtíðar heimili sem við getum á auðveldari hátt fengið á jólahátíðinni. Það er tilfinningin að gefa með rausnarlegu hjarta. Þetta getur gerst þegar við skynjum þarfir annarra meira en okkar eigin og þegar við skynjum hversu rausnarlegur Guð hefur verið í okkar garð.

Það hjálpar að sjá góðmennsku annarra á jólahátíðinni. Hversu oft hefur þú farið einhvert til að skilja eftir gjöf á verönd, vonast eftir því að sjást ekki, og komist að því að það er ein eða fleiri ómerktar gjafir þar nú þegar? Hefur þú, eins og ég hef, fengið tilfinningu um að hjálpa einhverjum og komist að því að það sem þú fékkst innblástur um að gefa var einmitt það sem viðkomandi þarfnæðist á því augnabliki? Þetta er dásamleg fullvissa um að Guð þekkir allar okkar þarfir og reiðir sig á okkur til að uppfylla þarfir annarra í kringum okkur.

Guð sendir okkur þessi skilaboð með meira trausti á jólahátíðinni vitandi að við munum bregðast við vegna þess að hjörtu okkar eru næmari fyrir fordæmi frelsarans og fyrir orðum þjóna hans. Á jólahátíðinni er líklegra að við höfum nýlega lesið og verið snortin af orðum Benjamíns konungs. Hann kenndi fólki sínu, og hann kennir okkur, að yfirþyrmandi gjöf fyrirgefningar sem við hljótum ætti að fá okkur til að uppfyllast af örlæti til annarra:

„Og sjá. Jafnvel nú á þessari stundu hafið þér ákallað nafn hans og beiðið um fyrirgefningu synda yðar. Og hefur hann látið bænir yðar verða til einskis? Nei, hann hefur úthellt anda sínum yfir yður og látið hjörtu yðar

fyllast gleði og varir yðar verða hljóðar og vanmegnugar að tjá sig, svo mikil var gleði yðar.

Og ef Guð, sem hefur skapað yður og þér eigið líf yðar undir og allt, sem þér eigið og eruð, ef hann veitir yður allt, sem þér biðjið um og rétt er og sem þér biðjið um í trú og trausti þess, að yður veitist, ó, hversu miklu fremur ættuð þér þá ekki að veita hver öðrum af eignum yðar.

Og ef þér dæmið manninn, sem biður yður um aðstoð, svo að hann farist ekki, og fordæmið hann, hversu miklu réttvísari verður ekki yðar eigin fordæming fyrir að halda í eigur yðar, sem ekki tilheyra yður, heldur Guði, sem einnig á líf yðar. Og þrátt fyrir þetta færið þér engar bætur fram, né iðrist þér þess, sem þér hafið gjört.

Ég segi yður: Vei sé þeim manni, því að eigur hans munu farast með honum. Og þetta segi ég við þá, sem auðugir eru að þessa heims gæðum“ (Mósía 4:20–23).

Þið hafið nú þegar upplifað gleðina að veita og meðtaka ölmusa. Þessi gleði sem við upplifum í þessu lífi er andblær af því hvernig okkur mun líða í næsta lífi ef við erum örlát vegna trúar okkar á Guð hér. Frelsarinn er besta fyrirmynd okkar. Á jólahátíðinni hugleiðum við að nýju hver hann í raun er og það örlæti sem hann bauð okkur með því að koma í heiminn til að verða frelsari okkar.

Hann hafði kraftinn til að standast alla freistingu til að syndga vegna þess að hann var sonur Guðs, fæddur af Maríu. Hann lifði fullkomnu lífi til þess að hann gæti verið óendanleg fórn, óflekkaða lambið sem lofað var frá grundvöllun veraldar (sjá Op 13:8). Hann þjáðist angistarkvöl vegnar sektar synda okkar og allra synda barna himnesks föðurs svo við gætum hlotið fyrirgefningu og komið hrein heim.

Þessa gjöf fengum við frá honum gegn gjaldi sem við skiljum ekki til hlítar. Þetta var gjöf sem hann þurfti ekki sjálfur á að halda, hann þurfti ekki fyrirgefningu. Gleðin og þakklætið sem við finnum fyrir nú vegna gjafar hans mun margfaldast og mun endast að eilífu er við heiðrum og tilbiðjum hann á himneska heimili okkar.

Jólahátíðin hvetur okkur til að minnast hans og óendanlegs örlætis hans. Að muna eftir örlæti hans mun hjálpa okkur að finna fyrir og bregðast við innblæstrinum að það er einhver annar sem þarfnast hjálpar okkar og það mun leyfa okkur að sjá hönd Guðs ná til okkar er hann sendir einhvern annan til að aðstoða okkur,

sem hann gerir svo oft. Það er gleði í því að gefa og í því að meðtaka af örlætinu sem Guð veitir, sérstaklega á jólunum.

Blessuð með ljósi hans

Það er annar andblær af himnaríki sem verður auðveldara að sjá á jólahátíðinni. Það er ljósið. Himneskur faðir notaði ljós til að tilkynna fæðingu sonar síns, frelsara okkar (sjá Matt 2; 3 Ne 1). Ný stjarna sást bæði í austur- og vesturheimi. Hún leiðbeindi vitringunum að barninu í Betlehem. Jafnvel hinn illi konungur Heródes þekkti táknið, hann óttaðist það vegna þess að hann var illur. Vitringarnir glöddust yfir fæðingu Krists, sem er ljós og líf heimsins. Þrjú dagar af birtu án myrkurs var táknið sem Guð gaf afkomendum Lehís, sem var boðberi fæðingu sonar hans.

Við minnumst ekki bara ljóssins sem boðaði fæðingu Krists í heiminn á jólahátíðinni, heldur einnig ljóssins sem kemur frá honum. Mörg vitni hafa staðfest það ljós. Páll vitnaði að hann sá ljósið á leiðinni til Damaskus:

„Sá ég . . . á veginum um miðjan dag ljós af himni sólu bjartara leiftra um mig og þá, sem mér voru samferða.

Vér féllum allir til jarðar, og ég heyrði rödd, er sagði við mig á hebresku: Sál, Sál, hví ofsækir þú mig? Erfitt verður þér að spyrna móti broddunum.

En ég sagði: Hver ert þú, herra? Og Drottinn sagði: Ég er Jesús, sem þú ofsækir“ (Post 26:13–15).

Drengurinn Joseph Smith vitnaði að hann sá dásamlegt ljós í skógarrjóðri í Palmyra, New York í upphafi endurreisnarinnar:

„Einmitt á því andartaki mikillar skelfingar, sá ég ljósstólpa beint yfir höfði mér, skærari en sólin, og hann lækkaði hægt, uns hann féll á mig.

Hann hafði ekki fyrir birst en ég fann mig lausan undan óvininum, sem hélt mér fongnum. Þegar ljósið hvíldi á mér, sá ég tvær verur, svo bjartar og dýrðlegar, að ekki verður með orðum lýst, og stóðu þær fyrir ofan mig í loftinu. Önnur þeirra ávarpaði mig, nefndi mig með nafni og sagði, um leið og hún benti á hina: *Þetta er minn elskaði sonur. Hljóð þú á hann!*“ (Joseph Smith — Saga 1:16–17).

Slíkt ljós verður sýnilegt á himneska heimilinu okkar. Það mun færa okkur gleði. Samt hafið þið í þessu lífi verið blessuð með hluta af þessari dásamlegu reynslu með ljósi Krists. Hver einstaklingur sem fæðist í þennan

heim meðtekur það ljós sem gjöf (sjá Moró 7:16). Hugs-
ið um stundir þegar þið hafið upplifað eitthvað sem
færir ykkur vitnisburð að ljós Krists sé raunverulegt og
dýrmætt. Þið munið þekkja frá þessari dásamlegu ritn-
ingu, sem færir fullvissu, að þið hafið fengið leiðsögn
frá þessu ljósi:

„Það, sem ekki byggir upp, er ekki frá Guði, og er
myrkur.

Það, sem er frá Guði, er ljós. Og sá, sem veitir ljósinu
viðtöku og er staðfastur í Guði, öðlast meira ljós. Og
það ljós verður skærara og skærara þar til hinn full-
komna dag.

Og . . . ég segi það svo að þér megið þekkja
sannleikann og getið rekið myrkrið frá yður“ (K&S
50:23–25).

Þið hafið fengið þá blessun að auðkenna á auðveld-
an hátt leiftur ljóss og sannleika í heimi sem myrkvast
af illum ásetningi og óheiðarlegum skilaboðum. Þið
hafið sjálf lært að ljósið vex skærar er þið meðtakið það
glæðlega. Það mun verða skærara og skærara þar til
hinn fullkomna dag þegar þið verðið í návist uppsprettu
ljóssins.

Þetta ljós er auðveldara að greina á jólahátíðinni,
þegar við erum líklegri til að biðja um þekkingu á því
sem Guð vill að við gerum og erum líklegri til að lesa
í ritningunum og þar af leiðandi líklegri til að vera á
erindagjörðum Drottins. Þegar við fyrirgefum og upp-
lifum fyrirgefningu, þegar við lyftum máttvana örmum
(sjá K&S 81:5), þá er verið að lyfta okkur sjálfum og við
færumst nær uppsprettu ljóssins.

Þið munið eftir því að Mormónsbók lýsir dásam-
legum tíma þegar trúföstu lærisveinar frelsarans
endurspegluðu ljósi hans svo aðrir gætu séð (sjá 3 Ne
19:24–25). Við notum ljós til að fagna jólahátíðinni. Til-
beiðsla okkar á frelsaranum og þjónusta okkar honum
til handa færir ljós í líf okkar og í líf þeirra sem í kring-
um okkur eru.

Við getum verið örugg og sett markmið að gera þessi
jól bjartari en síðustu jól og enn bjartari á hverju ári sem
á eftir kemur. Vera má að þraut okkar í dauðlega lífinu

megi stigmagnast en samt þarf myrkrið ekki að aukast
hjá okkur ef við beinum augum okkar meira að því ljósi
sem fellur niður á okkur er við fylgjum meistaranum.
Hann mun leiða okkur og hjálpa okkur á leið okkar
sem liggur upp að því heimili sem við þráum.

Það hafa komið stundir, oft um jólin, sem við höfum
upplifað hluta af því sem við munum upplifa þegar að
lokum við komum heim til föðurins sem elskar okkur
og svarar bænum okkar og til frelsarans sem hefur upp-
lýst líf okkar og lyft okkur upp.

Ég vitna að vegna hans þá getið þið haft þá fullvissu
að þið getið farið heim, ekki eingöngu um jólahátíðina,
heldur einnig til að lifa að eilífu saman með fjölskyldu
sem þið elskið og þar sem hver elskar annan.

HEIMILDIR

1. James “Kim” Gannon, “I’ll Be Home for Christmas” (1943).

HUGMYNDIR FYRIR HEIMILISKENNARA

Er þið búin ykkur undir að kenna þennan boðskap verið þá
vissir að leita eftir leiðsögn heilags anda svo þið getið aðlagð
boðskapinn að þörfum þeirra sem þið kenið. Þið getið íhugað
hugmyndir sem þessar:

1. Þegar þið lesið efnið undir fyrirsögninni „Löngun eftir
eilífðum kærleika“ finnið þið þá innra með ykkur þrá eftir ykkar
eilífa heimili? Ræðið saman hvað þið eruð að gera til að vera
undir það búin að snúa aftur til þess heimilis.
2. Hjálpar efnið ykkur undir fyrirsögninni „Að finna hina
lofuðu gleði“ að sjá hvernig þið getið fundið gleði í þessu lífi?
Ræðið um hvað við getum gert til að finna fyrir gleði núna,
dag frá degi.
3. Undir fyrirsögninni „Að upplifa gleði þess að gefa“
lærum við um óviðjafnanlegar gjafir frelsarans sem gera okkur
kleift að öðlast eilíft líf. Ræðið um hvað við getum gefið til að
hjálpa öðrum að hljóta einnig þessa gjöf.
4. Hvernig hjálpar boðskapur Eyring forseta okkur að sjá
hvað við getum gert til að verða opnari fyrir ljósinu sem frels-
arinn býður og deila því með fjölskyldum okkar og öðrum?